

21. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 8. mars 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Fjármálaeftirlit, 556. mál. breyting ýmissa laga.

Seðlabanki Íslands telur nauðsynlegt að efla heimildir Fjármálaeftirlitsins með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og styður eindregið samþykkt þess á yfirstandandi þingi. Bankinn bendir aðeins á eftirfarandi:

Af 4. gr. frumvarpsins mætti e.t.v. ráða að Fjármálaeftirlitið ætti fortakslaust að krefjast þess að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri láti af störfum ef hæfisskilyrði eru ekki uppfyllt („...uppfylla ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskyldu aðila gilda **skal** Fjármálaeftirlitið ...“). Í greinargerð með frumvarpinu segir hins vegar að gerð sé tillaga um að Fjármálaeftirlitið **geti** krafist þess að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri eftirlitsskyldra aðila láti af störfum í þeim tilvikum sem þeir uppfylla ekki hæfisskilyrði. Seðlabankinn telur nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið búi yfir öflugum og skýrum eftirlitsheimildum til að grípa inn í stjórnun fjármálafyrirtækja við sérstakar aðstæður. Með tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga virðist þó eðlilegra að segja í 4. gr. að Fjármálaeftirlitið **geti** fremur en **skuli** o.s.frv.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri